

Nd.

586. Frumvarp til laga

um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir gert samþykktir um lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Í samþykktum þessum má kveða á um það, að kaup og sala megi eigi fara fram í sölubúðum kaupmanna tiltekinn tíma á sólarhring hverjum eða tiltekna daga, eftir því sem til hagar á hverjum stað, svo og að kaupmenn skuli skyldir að loka sölubúðum sínum á tilteknum tíma.

Setja má og í samþykkt samskonar ákvæði um kaup og sölu utan sölubúða, er fram fer á götum eða torgum á varningi, sem eigi má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

Í samþykkt má ennfremur ákveða, að veita megi sérverzlunum undanþágu að því er snertir lokunartíma sölubúða, gegn hæfilegu árgjaldi, sem stjórnarráðið ákveður, samkvæmt uppástungu bæjarstjórnar, fyrir eitt ár í senn, og renna skal í bæjarsjóð.

Enn er bæjarstjórnnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskipti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sé þar seldur.

Þá er og bæjarstjórnnum heimilt að gera samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum. Til að tryggja vinnutíma sendisveina má í samþykkt meðal annars ákveða, að útsendingu á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skuli lokið eigi síðar en á lokunartíma. Heimilt er að ákveða vinnutíma sendisveina misjafnlega stuttan, eftir aldri þeirra.

3. gr.

Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd gert samþykkt samkvæmt 1. gr., og skal hún þá senda frumvarpið stjórnarráðinu til staðfestingar.

Nú virðist stjórnarráðinu ákvæði í samþykkt ganga of nærri rétti manna eða atvinnufrelsi, eða brjóta í bág við almennar grundvallarreglur laga, og synjar það þá samþykkt staðfestingar, en tilkynna skal það bæjarstjórn eða hreppsnefnd ástæður fyrir synjun sinni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina og ákveður, hvenær hún skuli koma til framkvæmdar.

Samþykkt heldur gildi sínu 10 ár í senn, nema breytt sé eða afnumin áður en endurnýja má hana, á sama hátt og hún var sett, jafnlangan tíma.

Samþykktir samkvæmt lögum þessum skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

Í samþykktum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir, 20—500 krónur, fyrir brot. Sektir allar renna í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögglumál.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, viðaukar við þau lög, nr. 9 frá 1918 og nr. 60 frá 1933, og lög nr. 94 frá 1935, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að brjóta í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Á Alþingi s. l. vetur voru sett lög um breyting á lögum nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, og var jafnframt gert ráð fyrir, að breytingarnar og lög nr. 12 frá 1928 skyldi fært inn í lög frá 1917 og þau svo gefin út í heild þannig breytt.

Þessi lög hafa öðlzt konungsstaðfestingu og eru prentuð í útkomnum Stjórnartíðindum sem lög nr. 94 3. maí 1935, A-deild, bls. 181—182.

En heildarlög hafa engin verið gefin út enn, og stafar það af því, að sá ljóður var hér á, að láðst hafði að geta laga nr. 9 frá 1918 og laga nr. 60 frá 1933, en bæði þessi lög voru og eru enn í gildi og máttu því ekki niður falla við útgáfu heildarlaga.

Út af þessu þykir rétt, að þetta sé nú lagað á þann hátt, sem farið er fram á með frv. þessu, sem sé, að öll þau lagafyrirmæli, sem nú gilda um þetta efni, lög nr. 79/1917, lög nr. 9/1918, lög nr. 60/1933 og lög nr. 94/1935, séu færð saman í eitt sem lög um lokunartíma sölubúða.